

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/195****2017/EES/48/49****frá 3. febrúar 2017**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir nokkur virk efni sem eru skráð í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 (endurnýjunaráætlun AIR IV) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(2)</sup> eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eru skráð virk efni sem voru samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum, sem falla undir þessa reglugerð, voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 <sup>(3)</sup>. Samþykki fyrir þessum efnum getur þó runnið út, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, áður en ákvörðun hefur verið tekin um að endurnýja viðkomandi samþykki. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 3) Með hliðsjón af þeim tíma og úrræðum sem þarf til að ljúka mati á umsóknum um endurnýjun á samþykkjum fyrir fjölda virkra efna, sem samþykki fyrir renna út á árunum 2019 til 2021, var komið á fót vinnuáætlun, með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2016)6104 <sup>(4)</sup>, þar sem svipuð, virk efni eru flokkuð saman og forgangsröð ákveðin út frá verndarsjónarmiðum fyrir heilbrigði manna, dýra eða fyrir umhverfið, eins og kveðið er á um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 4) Forgangsröð ætti efnunum, sem talin eru áhættulítill, í samræmi við framkvæmdarákvörðun C(2016)6104. Því ætti að framlengja samþykki fyrir þeim efnunum um eins stuttan tíma og unnt er. Að teknu tilliti til skiptingar ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkja, sem gegna hlutverki skýrslugjafa og meðskýrslugjafa, og tiltækra úrræða sem eru nauðsynleg til að vinna mat og taka ákvarðanir ætti fyrrgreindur tími að vera eitt ár fyrir virku efnin álammoníumsúlfat, álsílikat, blóðmjöl, kalsíumkarbónat, koltvísýring, útdrátt úr teviði, leifar af eimaðri fitu, fitusýrur c7 til c20, hvítlaukskjarna, gibberellísyru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járn-súlfat, kísilgúr, útdráttarleifar úr pipardufti (PDER), plöntuolíu/repjuolíu, kálfumvetniskarbónat, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/óunninni furuolíu, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/furuolíubiki, natríumálsílikat, ógreinótt fiðrildaferómón og þvagefni.
- 5) Að því er varðar virk efni sem falla ekki undir forgangsröðuðu flokkana í framkvæmdarákvörðun C(2016)6104 ætti að framlengja samþykkistímabilið um annaðhvort tvö eða þrjú ár, að teknu tilliti til núgildandi loka gildistíma, þeirrar staðreyndar að skv. 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 skal leggja fram viðbótarmálsskjöl fyrir virkt efni eigi síðar en 30 mánuðum áður en samþykkið fellur úr gildi, nauðsynjar þess að

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 31, 4.2.2017, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjttíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

(4) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2016 um að koma á fót vinnuáætlun til að meta umsóknir um endurnýjun á samþykkjum fyrir virkum efnunum, sem renna út 2019, 2020 og 2021, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (Stjttíð. ESB C 357, 29.9.2016, bls. 9).

tryggja jafna skiptingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkja, sem gegna hlutverki skýrslugjafa og meðskýrslugjafa, og tiltækra úrræða sem eru nauðsynleg til að vinna mat og taka ákvarðanir. Því er rétt að framlengja samþykkistímabilin fyrir bifentrín, sýmoxanílf og metasaklór um tvö ár og framlengja samþykkistímabilin fyrir virku efni 2,5-díklórbensósýrumetýlester, ediksýru, aklónífen, álfosfíð, kalsíumkarbíð, kalsíumfosfíð, denatóníumbensóat, dódemorf, etýlen, ímídaklópríð, magnesíumfosfíð, metamítrón, plöntuolíur/sítrónelluolíu, plöntuolíur/negulolíu, plöntuolíur/garðmintuolíu, píretrín og súlkótríón um þrjú ár.

- 6) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.
- 7) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykka reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efni sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykka reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistöku dag eins fljótt og unnt er.
- 8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

##### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

## VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

A) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 215, aklónífen, komi „31. júlí 2022“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 216, imídaklópríð, komi „31. júlí 2022“.
- 3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 217, metasaklór, komi „31. júlí 2021“.
- 4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 218, edíksýra, komi „31. ágúst 2022“.
- 5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 219, álammoníumsúlfat, komi „31. ágúst 2020“.
- 6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 220, álsílikat, komi „31. ágúst 2020“.
- 7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 222, blóðmjöl, komi „31. ágúst 2020“.
- 8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 223, kalsíumkarbíð, komi „31. ágúst 2022“.
- 9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 224, kalsíumkarbónat, komi „31. ágúst 2020“.
- 10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 225, koltvísýringur, komi „31. ágúst 2020“.
- 11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 226, denatóníumbensóat, komi „31. ágúst 2022“.
- 12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 227, etýlen, komi „31. ágúst 2022“.
- 13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 228, útdráttur úr teviði, komi „31. ágúst 2020“.
- 14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 229, leifar af eimaðri fitu, komi „31. ágúst 2020“.
- 15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 230, fitusýrur C7 til C20, komi „31. ágúst 2020“.
- 16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 231, hvítlaukskjarni, komi „31. ágúst 2020“.
- 17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 232, gibberellsýra, komi „31. ágúst 2020“.
- 18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 233, gibberellín, komi „31. ágúst 2020“.
- 19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 234, vatnsrofin prótín, komi „31. ágúst 2020“.
- 20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 235, járnúlfat, komi „31. ágúst 2020“.
- 21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 236, ksilgúr, komi „31. ágúst 2020“.
- 22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 239, útdráttarleifar úr pipardufti (PDER), komi „31. ágúst 2020“.

- 23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 240, plöntuolíur/sitrónelluolía, komi „31. ágúst 2022“.
  - 24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 241, plöntuolíur/negulolía, komi „31. ágúst 2022“.
  - 25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 242, plöntuolíur/repjuolía, komi „31. ágúst 2020“.
  - 26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 243, plöntuolíur/garðmintuolía, komi „31. ágúst 2022“.
  - 27) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 244, kalíumvetniskarbónat, komi „31. ágúst 2020“.
  - 28) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 246, píretrín, komi „31. ágúst 2022“.
  - 29) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 247, kvarssandur, komi „31. ágúst 2020“.
  - 30) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 248, fisklýsi, komi „31. ágúst 2020“.
  - 31) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 249, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, komi „31. ágúst 2020“.
  - 32) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 250, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/óunninni furuolíu, komi „31. ágúst 2020“.
  - 33) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 251, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/furuolíubiki, komi „31. ágúst 2020“.
  - 34) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 253, natríumálsílikat, komi „31. ágúst 2020“.
  - 35) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 255, ógreinótt fiðrildaferómón, komi „31. ágúst 2020“.
  - 36) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 257, þvagefni, komi „31. ágúst 2020“.
  - 37) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 260, álfosfíð, komi „31. ágúst 2022“.
  - 38) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 261, kalsíumfosfíð, komi „31. ágúst 2022“.
  - 39) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 262, magnesíumfosfíð, komi „31. ágúst 2022“.
  - 40) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 263, sýmoxanílf, komi „31. ágúst 2021“.
  - 41) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 264, dódemorf, komi „31. ágúst 2022“.
  - 42) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 265, 2,5-díklórbensósýrumetýlester, komi „31. ágúst 2022“.
  - 43) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 266, metamítrón, komi „31. ágúst 2022“.
  - 44) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 267, súlkótríón, komi „31. ágúst 2022“.
- B) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki í B-hluta, „Samþykki rennur út“, í línu 23, bífentrín, komi „31. júlí 2021“.
-